

# Lög

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní  
1970, með síðari breytingum.

---

1. gr.

Í stað 1.–3. másl. 2. mgr. 86. gr. laganna kemur: Ríkið rekur rannsókn- og ráðgjafarstofnun í veiðimálum er nefnist Veiðimálastofnun. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar Veiðimálastofnunar. Framkvæmdastjóri skal hafa viðhlítandi háskólamenntun og þekkingu á starfseminni. Hann hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á framkvæmd mótaðrar stefnu og fjárhagsafkomu. Hann ræður annað starfsfólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

---

*Samþykkt á Alþingi 4. apríl 1997.*